

# Fundargerð 92. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 10. apríl kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Samþykktir Samtaka orkusveitarfélaga - 2509002SO**

Lögð fram tillaga að breytingum á samþykktum SO.

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna með áorðnum breytingum.*

*Stjórn vísar tillögum að lagabreytingum til aukaáðalfundar.*

**2. Samtök orkusveitarfélaga - aukaáðalfundur 2026 - 2601002SO**

Tillaga um að halda aukaáðalfund fyrir sveitarstjórnarkosningar svo hægt sé að samþykkja lagabreytingar tímanlega fyrir áðalfund næsta haust.

*Stjórn samþykkir að halda aukaáðalfund miðvikudaginn 29. apríl kl. 16:00.*

*Á dagskrá aukaáðalfundar er:*

- 1. Breytingar á samþykktum.*
- 2. Kosning kjörnefndar ef breytingar á samþykktum verða samþykktar. Kjósa skal þrjá í kjörnefnd og 3 til vara.*

**3. Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati - 2602001SO**

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvarmar að frumvarp um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati hafi enn ekki komið fram á Alþingi. Málið varðar mikilvæga hagsmuni orkusveitarfélaga, enda er því ætlað að tryggja nærsamfélögum eðlilegan hlut í þeirri auðlindarentu sem verður til við nýtingu auðlinda innan þeirra marka. Stjórnin leggur áherslu á að frumvarpið hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.*

**4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48-2011 - vindorka og verndarflokkur, 565. mál - 2603001SO**

Lög fram drög að umsögn til samþykktar.

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi umsögn og felur starfsmanni samtakanna að senda inn umsögnina og til aðildarsveitarfélaga.*

**5. Flýting uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks - 2603002SO**

Lagt fram til kynningar umsögn er send var þann 26. mars sl.

**6. Önnur mál - 2509006SO**

*Stjórn samþykkir að tekið verði saman upplýsingablað um stöðu mála á borði samtakanna sem sent verður til aðildarsveitarfélaga og nýrra sveitarstjórna eftir sveitarstjórnarkosningar 16. maí.*

*Stefnt er að því að halda aðalfund í ágúst 2026.*

Fundi var slitið kl. 11:30